

Skýrsla um innra mat í Borgarholtsskóla  
skólaárið 2007 - 2008

## **Markmið sjálfsmats Borgarholtsskóla**

Sjálfsmati skólans er ætlað að ná til helstu þátta skólastarfsins; kennslu, stjórnunar og rekstrarþátta, samskipta innan skólans og stoðþjónustu ásamt samstarfi og samskiptum við aðila utan skólans sem honum tengjast.

Niðurstöður matsins verða jafnframt leiðbeinandi um umbætur í skólastarfinu og samskiptum og samstarfi starfsmanna skólans, nemenda og annarra sem skólastarfsemin varðar.

### **Matslíkan**

Sjálfsmat Borgarholtsskólans hefur undanfarin ár stuðst við matslíkanið Framhalds-Skólarýni frá Rannsóknarstofu Háskólans á Akureyri. Líkanið mælir fjölda atriða skólastarfsins sem leggja grunn að umbótum og eru niðurstöðunum gefnar einkunnir. Stigagjöf í Framhaldskóla-Rýni gefur mest 1000 stig hverju sinni.

Matsspurningar líkansins eru grunnur að upplýsingasöflun um innri sem ytri þætti sem varða skólastarfið. Tilmæli líkansins um einkunnagjöf fyrir matsþætti verða til leiðsagnar um umbætur. Söfnun, skráning og úrvinnsla gagna verður tölvuunnin í forriti matslíkansins. Öllum könnunum verður svarað rafrænt. Fullunnin sjálfsmatskýrsla Borgarholtsskóla mun byggjast á niðurstöðum úr tölvuvinnslu forritsins.

Af óviðráðanlegum ástæðum tókst ekki þetta árið að láta kennarar svara matsspurningum líkansins sem hefur í för með sér að ekki er hægt byggja skýrsluna á niðurstöðum þeirra.

Jafnhliða Framhalds-Skólarýninum hafa verið gerðar aðrar reglubundnar kannanir í skólanum sem gefa möguleika á umbótastarfi. Í þessari skýrslu er farið yfir atriði í niðurstöðum þessara kannana sem gefa tilefni til skoðunar og ábendinga um þörf á umbótum.

## **Eftirfarandi kannanir hafa farið fram á skólaárið 2007- 2008:**

### **Áfangakannanir, nóvember 2007:**

50 áfangar og 24 kennarar . Á fjögurra ára tímabil er lagt mat á flesta áfanga og allir kennarar eru metnir af nemendum þeirra. Eftir að niðurstöður eru fengnar úr matinu fær viðkomandi kennari þær í umslagi til yfirlestrar en síðar fær hann tækifæri til að ræða niðurstöðurnar við skólameistara eða aðstoðarskólameistara . Ef um vandamál er að ræða sem grípa þarf inn í kemur það til kasta skólameistara að leita leiða til úrlausna með viðkomandi kennara.

### **Starfsmannakönnun, febrúar 2008:**

**Helstu niðurstöður:**

**Svarhlutfallið** var 41%

### Hvað finnst okkur ganga vel – eða betur en í fyrra?

- ☉ Fleirum líður vel í vinnunni (94%)
- ☉ Betur gengur að vinna með næstu samstarfsmönnum (93%)
- ☉ Starfið okkar skiptir máli fyrir skólann í heild (97%)
- ☉ Fólk er ánægðara með vinnuaðstæður í skólanum (74)\*
- ☉ Fólk virðist hrósa og hvetja hvert annað meira (63%)\*
- ☉ Fólk virðist fá meiri hvatningu og stuðning til að sækja sér aukna þekkingu (58)\*

### Og hvað gengur ekki eins vel...

- ☉ **Stjórnendur láta í ljós áhuga á því sem ég geri** 59% sammála/frekar samm. – 23% hvorki né
- ☉ **Stjórnendur leysa vandamál yfirleitt innan hóflegs tíma** – 51% sammála/frekar samm. – 28% hvorki né
- ☉ **Skipulag samstarfs milli ólíkra starfssviða skólans er gott** hvorki né 23% - frekar ósammála/ekki sammála 42%

Augljóst er að svarhlutfall var ekki nægilegt í þetta sinn. Hins vegar eru þarna nothæfar vísbendingar sem taka ber alvarlega. Svo virðist sem fólki líði vel á vinnustaðnum. Mikilvægt og gott er að starfsfólk finnst starfið sem það sinnir skipta máli fyrir heildina. Miðað við fyrri ár er meiri ánægja en verið hefur með þær vinnuaðstæður sem skólinn hefur upp á að bjóða.

Það sem starfsfólk virðast ekki alveg sátt við snýr meðal annars að stjórnendum skólans. Stórum hluta starfsfólksins finnst ekki að stjórnendur sýni áhuga á því sem að hverjum og einum snýr og mættu stjórnendur athuga hvaða leiðir þeir vilja fara til að sýna störfum starfsmanna meiri áhuga. Hér verður að nefna að á þessu tímabili voru stjórnendaskipti þar sem skólameistari var í orlofi frá starfi sínu.

Hvað varðar skipulag á samstarfi milli ólíkra starfssviða innan skólans þá finnst mörgum það ekki gott, enda er skólinn stór og með ólík starfssvið.

## Áfangakannanir, mars 2008:

29 áfangar og 20 kennarar. Sjá upplýsingar um framkvæmd og úrvinnslu hér að ofan.